Brosið

Fréttablað Hraunvallaskóla Apríl 2022 3. tbl. 13. árg

Hraunvallaskóli
VINÁTTA - SAMVINNA - ÁBYRGÐ

Heilsueflandi grunnskóli

Skrifstofa Hraunvallaskóla er opin mánudaga til fimmtudaga frá 7:45 til 16:00 og á föstudögum frá 7:45 til 15:00

Sími skólans er: 590-2800

Síminn í Hraunseli er: 590-2810

Vinátta Samvinna Ábyrgð

Vinátta Samvinna Ábyrgð

HRAUNVALLALEIKARNIR

Þriðjudaginn 5. apríl til föstudagsins 8. apríl voru hinir árlegu Hraunvallaleikar en þá er hefðbundið skólastarf brotið upp í fjóra daga. Þema leikanna í ár var „Fjölmenning og fjölbreytileiki“. Hugmyndin með leikunum er að búa til skemmtilegan viðburð þar sem nemendur og starfsfólk eiga góða daga við leik og skemmtun. Við tókumst á við fjölbreytt verkefni, þrautir og leiki þar sem allir fengu að spreyta sig og stórir sem smáir hjálpuðust að. Allt undir stjórn vaskra unglinga sem voru hópstjórar þessa daga. Svo má ekki gleyma Varlafréttum og þeim fráu fréttahaukum sem þar stóðu vaktina. Að venju var svo uppskeruhátíð í lokin þar sem safnast var saman á sal og unglingarnir okkar fengu skemmtilega umbun og veislu í Ásvallalaug. Eigið góða og gleðilega páska!

Leikskólafréttir

Dagur leikskólans!

Þann 6. febrúar ár hvert er dagur leikskólans en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar í leikskólastarfi fyrstu samtökin sín. Dagurinn er haldinn hátíðlegur um land allt til að vekja sérstaka athygli á leikskólastiginu og því uppbyggilega og metnaðarfulla starfi sem fer þar fram.

Við í leikskólanum héldum að sjálfsögðu uppá daginn. Við vorum með fagnaðarfund fyrir hádegi sem einkenndist af söng og gleði og vöfflukaffi eftir hádegi. Til að vekja sérstaka athygli á því skemmtilega starfi sem fer fram í leikskólanum gerðum við myndband um leikskólastarfið sem við deildum með foreldrum.

Öskudagur

Öskudagur er mikill gleðidagur í leikskólanum. Á öskudaginn mæta ungir sem aldnir í búningum eða hvers konar furðufatnaði. Gleðinni og hugmyndafluginu eru engar skorður settar og dagurinn yfirleitt eitt stórt ævintýri. Við byrjuðum daginn á tvískiptu öskudagsballi þar sem börnin slógu ,,köttinn" úr tunnunni og fengum svo smá snakk. Að því loknu var dansiball með tilheyrandi gleði og fjöri. Í hádegismat fengum við svo pizzu og djús. Sannkallaður gleðidagur.

Hraunvallaleikar

Eins og sagt er frá á forsíðunni eru hinu rómuðu Hraunvallaleikar haldnir ár hvert. Þar er öllum nemendum grunnskólans skipt í hópa þvert á bekki, þ.e. í hverjum hópi eru nemendur frá 1. bekk uppí 10. bekk. Hver hópur fer svo saman á hinar ýmsu stöðvar þar sem hann leysir saman skemmtilega leiki og þrautir. Það er föndrað, krossgátur leystar, málað, perlað, dansað, leirað, saumað, spilað og margt fleira. Eins og alltaf gekk þetta afar vel og vel viðeigandi að fara svo í páskafrí í lok góðrar viku. En látum myndirnar tala.





9. bekkur á Laugarvatni

Ár hvert leggur 9. bekkurinn land undir fót og fer í 5 daga ferðalag. Áður var alltaf farið að Laugum í Sælingsdal en nú hefur starfsemin verið flutt á Laugarvatn. Okkar fólk átti að fara á mánudegi venju samkvæmt en vegna veðurs þurfti því miður að fresta brottför um sólarhring. Krakkarnir stóðu sig afbragðs vel að vanda í þessari ferð þar sem mikið var sprellað og brallað, hlegið og borðað vel, göngu-túrar, hoppað út í vök, gögglað og ýmislegt fleira.

Sjónlistardagurinn

Nú í mars var haldið uppá Sjónlistardaginn með skemmtilegum hætti hér í Hraunvallaskóla. Í ár var tækifærið notað til að minna á mátt myndmáls og var tilgangurinn að dreifa kærleika um skólana í formi hjartalaga verkefna. Þetta tókst líka með afbrigðum og komu ýmis glæsileg verk út úr þessu hjá okkar skapandi fólki.

Fjör í þriðja bekk

Þriðji bekkurinn okkar er skemmtilegur og duglegur hópur. Þessir glæsilegu krakkar eru búnir að vera að vinna með söguna um Jóa og baunagrasið Við lásum söguna, unnum verkefni, plöntuðum sykurbaunum og fylgjumst með þeim vaxa og dafna. Einnig tók bekkurinn þátt í Sjónlistardeginum. Þar voru mörg skemmtileg verkefni unnin eins og sjá má á myndum.





Bugsy Malone

Í vetur hefur unglingadeildin verið að æfa söngleikinn Bugsy Malone af fullum krafti þrátt fyrir Covid, veikindi, sóttkví, einangrun og flensutíð. Krakkarnir hafa æft sig samviskusamlega og uppskáru á dögunum allt erfiðið þegar þau sýndu söngleikinn fyrir fullu húsi. Það er magnað að sjá hvað þessir krakkar okkar eru frábærir, duglegir og skemmtilegir, sérstaklega þegar þeir finna hvata hjá sér sjálfum. Leikstjórar voru að venju Aníta og Þórunn og tónlistarstjóri var Luke. Að þessu sinni fengum við liðsauka úr 7. bekk, en hann Daníel var á trommunum hjá okkur og passaði að við héldum takti. Frábær skemmtun!



Söngkeppnin

Söngkeppni Mosans var haldin í desember og gekk framar vonum. Í keppninni voru 6 atriði og var hún rosalega flott. Tvö atriði unnu keppnina og unnu sér inn keppnisrétt í Söngkeppni Hafnarfjarðar sem haldin var í Bæjarbíó í mars. Það voru þau Kári Hlynsson og Áróra Snorradóttir sem sigruðu keppnina og voru okkar fulltrúar í Hafnarfjarðarkeppninni. Allir keppendur sungu eins og englar og stóðu sig með mikilli prýði og voru okkur öllum til sóma.

Lífið er núna

Síðustu ár hafa krakkarnir okkar og starfsmenn föndrað flott armbönd þá daga sem Hraunvallaleikarnir eru með góðum skilaboðum til okkar allra. *Lífið er núna!* eru góð skilaboð til okkar allra. Eru armböndin svo seld og fer ágóðinn ávallt til samtakanna *Kraftur* sem er stuðningsfélag fyrir ungt fólk með krabbamein. Frábært framtak!

Smásagnakeppnin

Á hátíðinni í kringum *Lesum saman - það er gaman* upplestrarkeppnina er sú hefð að veita og afhenda viðurkenningar fyrir Smásagnasamkeppni 8. – 10. bekkja sem Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar stendur fyrir á hverjum vetri. Höfum við oftar en ekki tekið þátt og ávallt staðið okkur vel. Hraunvallaskóli komst enn og aftur á verðlaunapall og hlaut þriðja sætið fyrir söguna *Plastið í grasinu.* Fyrsta sætið kom í hlut Inga Árnasonar í 9. bekk í Víðistaðaskóla og annað sætið til Christu Hrannar Davíðsdóttur í 10. bekk í Öldutúnsskóla. Þriðja sætinu deildu með sér tveir nemendur, okkar nemandi Heiðrún Vala Hilmarsdóttir í 9. bekk í Hraunvallaskóla og Laufey Pálsdóttir nemandi í 10. bekk í Víðistaðaskóla. . Frábær árangur hjá okkar stúlku og óskum við Heiðrúnu að sjálfsögðu til hamingju með árangurinn. Sagan er aftast í blaðinu.

Verðlauna auglýsing

Um miðjan mars var Grunnskólahátíðin haldin í íþróttahúsinu við Strandgötu (sjá aftar í blaðinu). Frá okkur fóru um 160 unglingar og skemmtu sér. Þeir voru algjörlega til fyrirmyndar og erum við í Hraunvallaskóla afar stolt af okkar frábæru unglingum. Gaman er að segja frá því að alltaf fyrir þessa hátíð er keppni milli skóla um flottustu auglýsinguna. Við sigruðum þessa keppni og á skreytinganefndin mikið hrós skilið fyrir vel gerða og flotta auglýsingu. Til hamingju Hraunvallaskóli fyrir að eiga flottustu unglingana.



Við erum

FRÁBÆR



Meira frá leikskóla

Solla stirða og Halla úr Latabæ kíktu í heimsókn

Fyrir stuttu fengum við skemmtilega heimsókn frá þeim Sollu stirðu og Höllu úr Latabæ. Þær stöllur sungu og dönsuðu með okkur. Það var mikið líf og fjör, enda enginn latur í Latabæ.

Skapandi starf og listir

Eitt af námssviðum leikskólans er sköpun. Við í leikskólanum leggjum áherslu á sköpun barna sem mikilvægan þátt í námi og þroska þeirra. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Sem liður í skapandi starfi leikskólans ákváðum við að prófa að setja upp listasmiðju í hluta af salnum okkar í nokkra daga. Þangað hafa börnin svo komið í litlum hópum og skapað eftir sínum leiðum. Við höfum verið í sam-starfi við foreldra varðandi verðlausan efnivið til að nýta í skap-andi starfi. Listasmiðjan heppnaðist einstaklega vel og sannarlega á dagskrá að setja reglulega upp samskonar listasmiðju í salnum í framtíðinni.

Ólsen Ólsen

Það þarf oft ekki að vera flókið að brjóta aðeins upp kennsludaginn. Á dögunum tók 9. ÓS sig til og hélt lítið Ólsen Ólsen mót. Það gekk að sjálfsögðu vel en kom reyndar aðeins á óvart hve margir kunnu ekki hið sígilda spil. En það var fljótlært og allir stóðu sig vel. Gott að kíkja stundum uppúr kennsluefninu og gera eitthvað allt annað saman.

Skemmtilegur grikkur

Krakkarnir í 10. MJ vöknuðu snemma á dögunum til að stríða kennaranum sínum aðeins. Reyndar fengu þeir að koma kvöldið áður í stofuna til að veggfóðra hana með myndum að Móeiði kennaranum sínum. Krakkarnir voru svo mættir þegar hún mætir svo í fulla stofu af nemendum og ekki sést í veggi fyrir myndum af henni sjálfri. Vel heppnaður grikkur sem settur var upp til að ná kostulegum viðbrögðum Móeiðar því krakkarnir voru að taka upp mynd-band fyrir árs-hátíðina sem framundan er hjá þeim.

Hraunvallaleikar (framhald)

Lesum saman - það er gaman

Þann 9. mars kepptu 12 nemendur í 7.bekk í lestra-keppninni ,,Lesum saman - Það er gaman”. Það er óhætt að segja að það hafi ekki verið öfundsvert að vera dómari því hver einasti keppandi stóð sig eins og hetja. Nemendur úr 6. bekk voru með tónlistaratriði, sigurvegari í fyrra flutti ljóð og Kristófer Karl óskaði eftir að lesa ljóðið sitt - sem hann gerði virkilega vel. Þeir nemendur sem kepptu í lokakeppni Hafnarfjarðar voru Hildur Arna Hilmarsdóttir og Ragnheiður Birna Jakobsdóttir, Daníel Ingi Sigurðsson til vara. Stóðu okkar keppendur sig með miklum sóma.

Öskudagurinn

Öskudagurinn er alltaf skemmtilegur hjá okkur. Þá birtast allskonar persónur og furðuverur eins og venjan er. Látum myndirnar tala sínu máli hér.

Plast í grasinu

Verðlaunasaga eftir Heiðrúnu Völu Hilmarsdóttur

Ég sá glitta í eitthvað í grasinu. Ég beygði mig niður og tók upp litlar plastumbúðir, líklega utan af sælgæti. Ég gekk að þeim ruslatunnum sem stóðu næst mér og henti umbúðunum í plasttunnuna en hún var nánast tóm. Þessar tunnur stóðu við alla vegi með 20-30 metra millibili, svo það var aldrei langt í næstu tunnu. Það var orðið mjög sjaldgæft að koma auga á rusl á götunum þar sem allir voru mjög samviskusamir og hentu rusli í tunnurnar, þessar umbúðir höfðu líklega fokið úr tunnu. Mér fannst í rauninni mjög undarlegt að sjá plastumbúðir í grasinu því einnota plast var orðið mjög sjaldgæft, árið var nú 2100.

Ég gekk áfram eftir veginum og mætti ótalmörgum vegfarendum, labbandi eða á hjólum. Það var fallegur vordagur, hjólatúrar og gönguferðir voru algeng og skemmtileg leið til að stytta sér stundir en fátt var jafn yndislegt á heitum laugardagsmorgnum. Bílar voru fáséðir og þeir sem keyrðu um götur bæjarins voru allir af umhverfisvænustu gerð. Almenningssamgöngur voru samt mikið vinsælli.

Ég var á leiðinni í fjöruna þar sem ég ætlaði að hitta vini mína. Ég var alveg að verða komin þegar ég rakst á eina af okkar ótalmörgu vindmyllum en þær voru ein leið sem við notuðum til að framkalla orku á umhverfisvænan hátt. Kol og aðrar óumhverfisvænar leiðir sáust aðeins í sögubókum.

Ég fór úr skónum og lét tæran sjóinn leika um fæturna á mér þar sem ég sat við fjöruborðið. Ég las rafbók á umhverfisvænu lesbretti, prentun bóka var nánast hætt. Stuttu seinna komu vinir mínir, sumir fótgangandi og aðrir á hjólum. Við gengum lengi eftir strandlengjunni, spjölluðum og hlógum. Við höfðum ákveðið að fara í lautarferð og komu allir með girnilega matarafganga til að sporna við matarsóun. Við fundum okkur huggulegan stað undir háu tré og settumst í grasið. Meðal réttanna sem bornir voru fram voru grænmetisbollur, heimabakaðar grænmetispítsur, brauðbollur og annað girnilegt. Ekkert kjöt var á boðstólnum en framleiðsla þess hafði hætt fyrir löngu síðan, bæði til hagsbóta dýrum og jörðinni. Eftir æðislegan hádegismat lögðum við margnota glerboxin í taupoka og tókum með heim.

Smásagan - framhald

Ég sá glitta í sælgætisumbúðir í grasinu. Ég skildi þær eftir því það var ekki á mína ábyrgð að taka upp rusl eftir aðra. Það tæki mig líka mörg ár að taka upp allt ruslið á leiðinni því það var allt morandi, sérstaklega í einnota plasti og grímum. Ég settist aftur á vespuna mína og lagði af stað. Fleira fólk kom brunandi og bensínlyktin var rosaleg. Ég keyrði áfram og stoppaði svo til að laga grímuna og þurrka skítinn af gleraugunum. Mengunin gerði það að verkum að það var ómögulegt að sjá nokkurn skapaðan hlut. Grímurnar gerðu sitt gagn og pössuðu að eiturefni úr nálægum verksmiðjum kæmust ekki í lungu okkar.

Við hjóluðum öll og þrír eða fjórir krakkanna drógu kerrur með tjöldunum og svefnpokunum. Við hin vorum öll með fullar körfur af snarli og spilum. Við tjölduðum þar sem lautarferðin hafði verið og settumst svo á svefnpokana okkar. Við borðuðum, spiluðum og horfðum á sólsetrið. Þegar sólin var sest lögðumst við og horfðum upp í stjörnubjartan himininn.

Daginn eftir vöknuðum við snemma, gengum frá tjaldinu og hjóluðum samferða heim. Heima hitti ég mömmu sem var komin í sitt fínasta púss því Heiðrún langamma mín, amma mömmu, átti 93 ára afmæli. Ég klæddi mig í gamlan sparikjól með sóleyjum sem mamma hafði átt og við mæðgurnar lögðum af stað með möndlukökku og hjónabandssælu til ömmu.

Amma Heiðrún tók brosandi á móti okkur og tók við sætindunum. Hún var hressasta níræða kona sem ég hafði hitt. Við sungum allar afmælissönginn og amma spilaði á selló og ég undir á píanó. Við fengum okkur svo köku og áttum rólegan dag með ömmu.

Ég renndi upp að húsi vinar míns og í sömu mund renndi stór bíll upp að húsinu. Vinkona mín, Katrín, hoppaði út úr bílnum. Þegar við komum inn sátu nokkrir vina okkar á sófanum í tölvuleik og aðrir á hinum sófanum í símunum sínum. Við Katrín settumst hjá þeim og ég tók upp minn síma en Katrín teikniblokk og tússpenna. Hún byrjaði að skissa í blokkina og var búin að teikna eina línu þegar hún hristi höfuðið óánægð og henti krumpuðum pappírnum. Hún endurtók leikinn nokkrum

Smásagan - framhald

sinnum; hristi höfuðið, krumpaði pappírinn og henti honum svo. Við hin skoðuðum samfélagsmiðla eða spjölluðum við hvort annað á skilaboðum, þó við værum öll á staðnum.

„Viljið þið litlar pítsur?" spurði Óli, strákurinn sem bauð okkur heim til sín. Við svöruðum játandi og ég stóð upp til að hjálpa honum. „Vá hvað þetta er sniðugt! Svona detta áleggin ekki af eins og þau gera svo oft!" Ég benti á kassann með pítsunum. Ofan í kassanum var stór plastpoki og ofan í honum hundrað litlar pítsur sem var öllum pakkað í sér litla plastpoka. „Já, mér finnst það líka," svaraði Óli og brosti. Hann náði í pappadiska fyrir okkur öll og ég náði í einnota plastglös. Hver er tilgangur þess að vaska upp ef maður getur bara hent öllu þegar maður er búinn að borða? Einar, einn strákanna, stakk upp á því að við færum út í garð og sprengdum flugelda. Við tókum öll vel í þá hugmynd en Einar sagðist eiga afgang síðan á þrettándanum og fór heim og sótti flugeldana. Einar átti heima á hinum enda götunnar og hefði vel getað labbað en af hverju hefði hann átt að gera það ef hann gat alveg eins farið á vespunni? Flugeldarnir voru rosalega fallegir og við horfðum öll hugfangin til himins. Við sprengdum og sprengdum þar til við sáum ekki lengur fyrir reyk.

Þegar heim var komið sá ég mömmu í síðum svörtum kjól. Ég fór í stuttan svartan kjól sem ég hafði keypt daginn áður á bara fimmhundruðkall í stórri búð. Það voru víst börn í Asíu á mjög lágum launum sem saumuðu þessi föt en mér var alveg sama, það var ekki mitt vandamál. Við keyrðum upp í kirkjugarð og gengum að leiði ömmu Heiðrúnar. Ég reif plastpoka af krossinum og mamma brast í grát. Langamma mín hafði dáið sextíu ára vegna mengunar. Læknirinn sagði að lungun hennar væru eins og í einhverjum sem reykti oft á dag en amma hafði aldrei reykt. Ég stóð hjá og horfði á mömmu en hún grét alltaf við leiði ömmu þegar hún hefði átt afmæli. Plastpokinn fauk fram og til baka fyrir framan okkur og ég hugsaði: „Hvað gerðum við eiginlega rangt?"

Mosafréttir

Það hefur verið brjálað að gera í félagslífi unglinganna undanfarnar vikur! Það sem stendur mest upp úr eru söngkeppni Mosans, Grunnskólahátíðin, Söngleikurinn Bugsy Malone, söngkeppni Hafnarfjarðar og svo eru árshátíð, skíðaferð og Samfestingurinn á Ásvöllum framundan í apríl. Söngkeppni Mosans var haldin í desember eins og fram kemur fyrr í blaðinu ásamt frétt um söngleikinn okkar. Grunnskólahátíðin var haldin í mars og var þetta stærsta og glæsilegasta Grunnskólahátíðin til þessa. Við í Hraunvallaskóla fjölmenntum á ballið og fór 160 unglinga hópur á ballið og skemmtu sér allir gríðarlega vel og dönsuðu mikið. Á ballinu komu fram DJ Dóra Júlía, Sprite Zero Klan, Kormákur frá Öldunni (annar sigurvegari söngkeppni Hafnarfjarðar), Auddi og Steindi og DJ 3Hundred. Frábær hópur af flottum nemendum sem við eigum hér í Hraunvallaskólanum okkar.

VERUM ÁVALLT

JÁKVÆÐ

Gleðilega páska!!

Brosið

Fréttablað Hraunvallaskóla

Drekavöllum 9

221 Hafnarfjörður

Ritstjóri: Karl Pálsson

Ábyrgðarmenn: Lars Jóhann Imsland og Guðbjörg Hjaltadóttir

www.hraunvallaskoli.is

www.leikskolinn.is/hraunvallaskoli

www.mosinn.is